

23. júlí 1982.

765

Nr. 452.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. gilda frá 1. apríl 1982, en fjárhæðir 3. gr. frá 1. júlí 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

26. júlí 1982.

Nr. 453.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

4 mgr. 3. gr. orðist svo:

Styrki þessa má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat og ekki dveljast á sólarhringsstofnunum (hjúkrunarheimilum, heimilum sjálfseignastofnana eða vistheimilum), skv. 8., 10. og 11. tl. 11. gr. laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, eða sjúkrá húsum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. falli niður.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

27. júlí 1982.

Nr. 454.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 256 frá 27. apríl 1981 um breytingu á reglugerð nr. 289 frá 20. júní 1979 við lög nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fódurvörum, áburði og sæðvörum og verslun með þær vörur.

III. kafli orðist svo:

1. gr.

Graskögglar skulu metnir og flokkaðir sem hér segir:

minna en 24% tréni í þe. 80 FE/100 kg fódurs 1,25 kg/FE

24—30% tréni í þe. 70 FE/100 kg fódurs 1,4 kg/FE

meira en 30% tréni í þe. 64 FE/100 kg fódurs 1,6 kg/FE